

Ed.

634. Nefndarálit

[122. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmda-
áætlunar fyrir árið 1973.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þetta frv. var lagt fyrir Alþingi 13. des. s.l. Í umræðum við afgreiðslu fjárlaga var því lofað, að þetta mál yrði látið fylgja skjótt á eftir fjárlögum. En hver er raunin? Efri deild fær frv. á lokadögum þingsins, og svo hart er keyrt á eftir afgreiðslu þar af hálfu ríkisstjórnarflokkanna, að nefndarfundir eru boðaðir í hliðarherbergjum Ed., er fundur stendur yfir í sameinuðu þingi.

Þetta er meira mál en svo, að unnt sé að fjalla um það með áorðnum breytingum í fjármálum þjóðarinnar á stuttum skyndifundi nefndar. Þetta frv. er eðli sínu samkv. hluti af heildarfjármálum ríkisins, og ættu því fullri upplýsingar að liggja fyrir, t. d. varðandi niðurskurð á gildandi fjárlögum um allt að 15%, eins og boðað hefur verið.

Af þessum sökum mun þingflokkur Alþýðuflokksins ekki greiða atkv. um þetta frumvarp.

Alþingi, 10. apríl 1973.

Jón Árm. Héðinsson.